

**Sp. 55. Tillaga til þingsályktunar [35. mál]**

um öflun lánsfjár vegna lagningar Siglufjarðarveggar ytri (Strákavegar).

Flm.: Einar Ingimundarson, Gunnar Jóhannsson, Jón Kjartansson, Jón Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson, Skúli Guðmundsson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga möguleika á öflun lánsfjár allt að 12 milljónum króna til að ljúka lagningu Siglufjarðarveggar ytri (Strákavegar). Verði athugun þessari lokið sem fyrst og eigi síðar en svo, að niðurstaða liggi fyrir 15. marz 1960.

**G r e i n a r g e r ð.**

Á síðasta reglulegu Alþingi fluttu Áki Jakobsson, þáverandi þingmaður Siglufjarðinga, o. fl. á þingskjali 422 frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna lagningar Siglufjarðarveggar ytri (Strákavegar). Er greinargerð með frumvarpinu prentuð sem fylgiskjal með þáttill. þessari.

Frumvarpi því, sem hér að framan getur, var vísað til fjárhagsnefndar Nd., og þann 9. maí s. l. afgreiddi hún frumvarpið af sinni hálfu með nefndaráliti, þar sem sagði svo í niðurlagi þess:

„Nú er liðið að þinglokum og því ekki hægt að búast við, að frv. þetta geti orðið samþykkt sem lög á þessu þingi. Samþykkt þess er heldur ekki aðkallandi nú, þar sem ekki er þörf fyrir lántöku vegna vegagerðarinnar á þessu ári. Telur nefndin heppi-legast, að ríkisstjórnin ásamt bæjarstjórnunum á Siglufirði og Sauðárkróki og

sýslunefnd Skagafjarðarsýslu taki til athugunar fyrir næsta reglulegt Alþingi, hvaða möguleikar eru til öflunar lánsfjár til verksins. Og í trausti þess, að þannig verði unnið að málinu, leggur nefndin til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.“

Ekki er kunnugt um, að athuganir á öflun lánsfjár til umræddrar framkvæmdar í samræmi við afgreiðslu fjárhagsnefndar Nd., sem hér að framan er getið, hafi leitt til ákveðinnar niðurstöðu. Hins vegar telja flm. þessarar þáttill. það vera knýjandi nauðsyn, að möguleikar á slíkri lánsfjáröflun, sem fyrrnefnt frumvarp gerir ráð fyrir, verði athugaðir til hlítar sem fyrst, enda eru engar horfur á, að því mikla mannvirki, sem hér ræðir um, verði lokið á eðlilegum tíma, án þess að lánsfjár til framkvæmdarinnar verði aflað. Er það í því skyni, að þeim athugunum verði hraðað, sem þessi þáttill. er flutt.

### Fylgiskjal.

Undanfarin þrjú ár hefur verið unnið að því að leggja veg frá Siglufirði út fyrir Stráka og byggja þar bílgöng til þess að tryggja Siglufjarðarkaupstað samband við vegakerfi landsins árið um kring. Þetta mál er mjög aðkallandi, bæði fyrir Siglufirðinga og Skagfirðinga, og er ríkjandi mikill áhugi fyrir því, að þessu verki verði hraðað sem mest. Stærsta átakið við lagningu þessa vegar eru bílgöng þau, um 900 m löng, sem þarf að gera í fjallinu Strákar fyrir utan Siglufjarðarkaupstað. Gerð bílganganna er stórvirki, sem ekki er hægt að vinna í smápörtum, svo sem gera þyrfti, ef eingöngu væri unnið fyrir fjárveitingu hvers árs fyrir sig. Því hefur sú hugmynd komið upp, að leitast verði við að afla lánsfjár til þess að vinna þetta verk fyrir, og vilja bæjar- og sýslufélög þau, sem hlut eiga að þessu máli, taka að sér að greiða vexti af væntanlegu láni, gegn því að þau fái að leggja skatt á hverja bifreið, sem fer um hin væntanlegu bílgöng, til þess að geta staðið undir vaxta-greiðslunni.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt í því skyni að afla nauðsynlegra heimilda til framangreindrar lántöku. Flm. hafa orðið sammála um að láta heimild laganna um lántöku ná til vegagerðarinnar allrar frá Siglufirði að Stafá á mörkum Fljóta og Sléttuhlíðar. Mundi þetta í framkvæmdinni verða þannig, að fjárveitingar til Siglufjarðarveggar ytri (Strákavegar) og Siglufjarðarveggar verði notaðar jöfnum höndum til þess að ljúka allri vegagerð þessari ásamt væntanlegu lánsfé. Þegar til lántökunnar kemur, þurfa svo bæjarstjórnirnar og sýslunefndin, sem hlut eiga að máli, að koma sér saman um, hvernig þær skipta ábyrgðinni á vaxtagreiðslunum milli sín.

Sem fylgiskjal með greinargerð þessari birtum við svo álitgerð vegamálastjóra um byggingu Strákavegar og bréf það, sem bæjarstjórnin á Siglufirði hefur ritað flm. Þá er og birt sem fylgiskjal símskeyti, sem þingmönnum Skagfirðinga hefur borizt frá sýslumanni Skagfirðinga.

### Fskj. 1.

#### VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 11. marz 1959.

#### Siglufjarðarveggar ytri.

Með tilvísun til viðræðna alþingismannanna Áka Jakobssonar, Gunnars Jóhannssonar og bæjarfulltrúanna Ragnars Jóhannessonar og Stefáns Friðbjarnarsonar við mig og Snæbjörn Jónasson verkfræðing á vegamálastofunni hinn 10. þ. m., þá hef ég látið athuga lauslega, hvernig heppilegast væri að haga framkvæmdum við Siglufjarðarveggar ytri, ef lánsfé væri fyrir hendi til þess að vinna verkið á hagkvæman hátt.

Haustið 1956 var heildarkostnaður við byggingu Siglufjarðarvegar ytri áætlaður á 10.0 millj. kr., ef hægt væri að vinna verkið nokkurn veginn í samhengi, þ. e. vinna göngin strax í fullri breidd og halda nokkuð viðstöðulaust áfram. Miðað við þessa áætlun skiptist kostnaður þannig:

|                |                |
|----------------|----------------|
| Jarðgöng ..... | 6.7 millj. kr. |
| Vegagerð ..... | 2.0 — —        |
| Brýr .....     | 1.3 — —        |

Alls 10.0 millj. kr.

Árið 1957 og 1958 var unnið að vegagerð frá Siglufirði að mynni jarðganganna Siglufjarðarmegin, byggð brú á Selgil og unnið mikið við sprengingar og hreinsun á skriðum við mynni jarðganganna. Endanlegir reikningar um kostnað á s. l. ári liggja ekki fyrir enn þá, en heildarkostnaður bæði árin mun væntanlega vera þessi:

|  |              |
|--|--------------|
| Brú á Selgil .....                           | 200 þús. kr. |
| Vegagerð, sprengingar og undirbúningur ..... | 870 — —      |
| Keypt bortæki o. þ. h. ....                  | 120 — —      |

Alls 1190 þús. kr.

Til þessara framkvæmda hefur verið veitt fé, svo sem hér segir:

|                                |                |
|--------------------------------|----------------|
| Í fjárlögum 1957 og 1958 ..... | 1.0 millj. kr. |
| Af smábrúafé í Selgil .....    | 0.2 — —        |
| Af benzínfé 1958 .....         | 0.1 — —        |

Alls 1.3 millj. kr.

Kostnaður við að ljúka því verki, sem eftir er, áætlast nú þannig, miðað við núverandi verðlag (vísit. 175):

|  |                |
|--|----------------|
| Brýr (4 smábrýr + 2 stærri brýr) ..... | 1.2 millj. kr. |
| Jarðgöng .....                         | 8.6 — —        |
| Vegagerð .....                         | 2.7 — —        |

Alls 12.5 millj. kr.

Verðhækkningar, sem orðið hafa við framkvæmdir sem þessar síðan 1956, eru sem næst 25%. Þar við bætist, að nauðsynlegt hefur þótt að hækka kostnaðaráætlun um veginn nokkuð af fenginni reynslu við vegagerð í skriðunum út frá Siglufirði. Hefur komið í ljós, að skriður þessar eru mun erfiðari viðfangs en ætla mátti vegna þess, hve leirbornar og grýttar þær eru. Það samfara vatnsaga undan brekkunum hefur gert verkið mun erfiðara og dýrara en ætlað var. Búast má við því, að eitthvað af skriðunum handan við Stráka sé sama eða svipaðs eðlis. Þá má geta þess, að síðan áætlunin frá 1956 var gerð, hafa verið settar nýjar reglur um gerð vega, og er nokkur verðhækkun af þeim sökum. Þá er nú reiknað með því, að göngin verði höfð aðeins víðari en áður, til þess að hægt yrði að nota hentuga vélskóflu við að moka grjótinu.

Áður en ég vík að tilhögun framkvæmda, er rétt að taka það fram, að eitt mesta vandamálið við byggingu vegarins er það, að með öllum veginum er ekki vitað um neina hentuga námu af nothæfri mól í slitlag á veginn. Á Siglufirði er hvergi til hentugt efni í slitlag á vegi, og norðan Siglufjarðarskarðs er engin nothæf malar-gryfja fyrr en við Ketilás í Fljótum. Vonir standa til, að í Mánarskriðum sé eitthvað af nothæfu efni, en búast má við, að það sé svipaðs eðlis og skriðurnar innan við Stráka, þ. e. leirbornar og grýttar. Efni þetta mætti þó með töliverðum tilkostnaði

mylja sem slitlag í veg. Af þessum sökum yrði ekki hægt að byrja að fullgera veginn frá Heljartröð að mynni jarðganga norðan Stráka, fyrr en húið væri að undirbyggja veg út í Mánarskriður. Á leiðinni þangað frá Heljartröð má þó væntanlega fá eitthvað af malarrusli, svo að hægt yrði að gera undirbyggingu vegarins þannig úr garði, að komast mætti eftir henni með nauðsynlegustu flutninga af vélum, sem ynnu að undirbyggingu vegarins, og efni í brýrnar, sem byggja þarf.

Sjálf jarðgöngin, sem nú eru áætluð á 8.6 millj. kr., má vinna á einu ári með tvískiptum vöktum, og yrði það vafalaust ódýrasta lausnin á þeim hluta verksins. Þar sem vextir af þeirri upphæð nema um 600 þús. kr. á ári, sem er meira fé en veitt hefur verið til vegarins í fjárlögum undanfarin ár, þá væri sjálfsagt að byggja þau sem síðasta áfangann, og kæmist vegurinn þá í notkun, um leið og þeim væri lokið.

Kostnaður við að byggja veginn frá Heljartröð að jarðgöngum án brúnna er nú áætlaður á 2.4 millj. kr. Þar af er undirbygging með nauðsynlegum lagfæringum, eins og að framan greinir, um 1.5 millj. kr. Það verk væri hæfilegt að vinna á 2 árum. Þyrfti til þess 3 stórar jarðýtur, miðað við, að unnið væri í 4 mánuði á ári og í tvískiptum vöktum helminginn af þeim tíma. Eftir fyrsta árið mætti hefja vinnslu malar í slitlag í Mánarskriðum, ef mögulegt reynist, og byggja þá og á þriðja ári brýrnar. Á þriðja ári yrði síðan lokið mölburði vegarins og jarðgöngum.

Til þess að fylgja þessari áætlun þyrfti fjármagn að vera fyrir hendi á hverju ári svo sem hér segir:

|  | Til vegar      | Til brúa      |
|--|----------------|---------------|
| 1. ár Undirbygging að Mánarskriðum ..... | 750 þús. kr.   |               |
| 2. — Undirbygging Mánarskriðu—Strákar .. | 1000 — —       | 750 þús. kr.  |
| 3. — Yfirbygging vegar .....             | 950 — —        | 450 — —       |
| Jarðgöng fullgerð .....                  | 8600 — —       |               |
|  | 11300 þús. kr. | 1200 þús. kr. |

Ef fjárveitingar fengjust fyrstu 3 árin, sem svarar kostnaði við byggingu vegarins og brúnna, þyrfti seinasta árið að taka lán fyrir byggingu jarðganganna, eða 8.6 millj. kr.

Það skal tekið fram, að vegagerðin hefur eins og er ekki vélakost til þess að framkvæma þessa áætlun og mjög vafasamt, að hægt yrði að fá leigðar jarðýtur nægjanlega stórvirkar til verksins. Með því að vinna undirbyggingu vegarins frá Heljartröð að Strákum á 3 árum þyrfti 2 stórar ýtur, og yrði það trúlega mun auðveldara viðfangs.

Ef vinna ætti jarðgöngin í ákvæðisvinnu, sem gæti verið mjög hagkvæmt, þar sem til eru verktakar í landinu, sem hafa nauðsynleg tæki og reynslu til slíks verks, þá má væntanlega hækka áætlaðan kostnað við byggingu þeirra um 20%, eða í 10.3 millj. kr. Stafar það af því, að greiða yrði 9% gjald til framleiðslusjóðs, þar sem um ákvæðisvinnu er að ræða, og auk þess yrði verktaki að ætla sér a. m. k. 10% í áhættu og hagnað.

Ef um ákvæðisvinnu á jarðgöngunum yrði að ræða, er mjög nauðsynlegt, að unnt yrði að byrja aðeins á göngunum, áður en verkið yrði boðið út, til þess að glögg mynd fengist af gerð bergsins í göngunum. Bergið við mynni ganganna Siglu-fjarðarmegin er mjög fúíð og lélegt, en líkur eru fyrir því, að það sé mun betra, þegar komið er um 15—20 metra. Annars mundi væntanlegur verktaki ætla sér verulega herra verð vegna lélegs bergs.

Virðingarfyllt,

Sigurður Jóhannsson, vegamálastjóri.

**Fskj. 2.**

**BÆJARSTJÓRINN SIGLUFIRÐI**

Siglufirði, 8. apríl 1959.

Hér með sendum vér yður, herra alþingismaður, ályktun, sem gerð var í bæjarráði Siglufjarðar þ. 3. apríl s. l. og samþykkt í bæjarstjórn Siglufjarðar þ. 6. apríl s. l. Ályktunin er þannig:

Bæjarráð fellst á það álit vegamálastjóra, hr. Sigurðar Jóhannssonar, að heppilegt væri að ljúka við lagningu Siglufjarðarvegur ytri (Strákavegar) á næstu þrem árum.

Bæjarráð samþykkir því að leggja til við bæjarstjórn Siglufjarðar, að hún samþykki:

að fara þess á leit við ríkisstjórn og Alþingi, að tekið verði lán allt að kr. 10.3 milljónum til að greiða kostnað við gerð jarðganganna gegnum Stráka, en lán þetta endurgreiðist aftur af framlagi því, sem veitt verður á fjárlögum til vegarins á næstu árum, eftir að lánið verður tekið.

að bæjarsjóður Siglufjarðar taki á sig, einn eða ásamt öðrum, að greiða vexti af láni þessu, en ábyrgð þessi verði bundin því skilyrði, að bæjarsjóði Siglufjarðar verði með lögum heimilað að leggja vegarskatt á bifreiðar, er fara um jarðgöngin.

að fara þess á leit við þingmennina Áka Jakobsson, Gunnar Jóhannsson og þingmenn Skagfirðinga, að þeir í samráði við ríkisstjórnina og vegamálastjóra flytji á Alþingi frumvarp til laga um fyrrnefnda lántöku og vegaskatt.

Þá var einnig eftirfarandi ályktun gerð á fundi í Bilstjóradeild Verkamannafélagsins Þróttar þ. 5. apríl s. l.:

Fundur í Bilstjóradeild Þróttar, 5. apríl 1959, er því meðmæltur, að lagt verði aukagjald á allar bifreiðar, sem aka um Strákajarðgöngin. Lítur fundurinn svo á, að heppilegast væri, að eitt gjald væri sett fyrir hverja bifreið, sem um göngin fer hverju sinni, hvers konar bifreið sem um er að ræða.

Áhugi fyrir máli þessu eru mjög mikill, og telja menn, að það sé eitt hið þýðingarmesta mál fyrir Siglufjörð og nágrennabyggðirnar, að Siglufjarðarvegur ytri komist sem fyrst í samband við þjóðvegakerfið. Væntum vér þess, að þér gerið það, sem í yðar valdi stendur, til þess að svo megi verða.

Virðingarfyllt,

bæjarstjórinn á Siglufirði,

Sigurjón Sæmundsson.

**Fskj. 3.**

(Símskeyti.)

Sauðárkrókur, 19. apríl 1959.

Þingmenn Skagfirðinga, Alþingi, Reykjavík.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu samþykkti á fundi sínum í gær að veita ábyrgð sýslusjóðs fyrir greiðslu vaxta af lánum allt að kr. 1 000 000, er Vegagerð ríkisins ætlar að taka á þessu ári og næsta ári vegna framkvæmda á Siglufjarðarvegi frá Stafá að Haganesvík.

Ábyrgðin er bundin þessum skilyrðum:

1. Að á verði lagður skattur af umferð um fyrirhuguð jarðgöng á Siglufjarðarvegi og hluta af skattinum verði varið til að standa undir vöxtum af framangreindum lánum hlutfallslega eftir þeim kostnaði, sem fellur á vegakaflann frá Stafá að Haganesvík miðað við heildarkostnað vegagerðar frá Stafá að Siglufirði.

**2. Að byrjað verði á framkvæmdum þessum á sumri komanda og þeim lokið á næsta ári.**

**Oddvita sýslunefndar falið umboð til að ganga frá ábyrgðinni f. h. sýslunefndar. Bæjarstjórn Sauðárkróks hefur tilkynnt sýslunefnd, að hún veiti einnig ábyrgð bæjarsjóðs fyrir téðum vaxtagreiðslum.**

**Sýslumaður.**